



## Fundargerð

43. fundur lýðheilsuráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12  
21. nóvember 2023, kl. 14:00

Viðstaddir: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi, Daníel Örn Gunnarsson fulltrúi ungmennaráðs og Íris Eysteinsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Málþingið Tökum höndum saman (2023110261)

Thelma Hrund Hermannsdóttir frístundaleiðbeinandi sagði frá málþingi sem Fjörheimar og FFGÍR stóðu fyrir þann 7. nóvember sl. Frekari vinna er framundan sem lýðheilsuráð er spennt fyrir að taka þátt í og fylgjast með.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir greinargóða kynningu og framtak FFGÍR og Fjörheima.

### 2. Félag eldri borgara á Suðurnesjum og virkjun mannauðs (2023050588)

Kristján Gunnarsson formaður Félags eldri borgara á Suðurnesjum, Kristján Gíslason meðstjórnandi og Sigurbjörg Jónsdóttir gjaldkeri mættu á fundinn og sögðu frá starfi félagsins sem og Jón Ólafur Jónsson sem kynnti starfsemi Virkjunar.

Lýðheilsuráð þakkar fyrir góðar kynningar og umræður.

### 3. Hvatagreiðslur eldra fólks í Reykjanesbæ (2023050588)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi kynnti drög að reglum um hvatagreiðslur eldra fólks 67 ára og eldri sem taka gildi 1. janúar nk.

Kristján Gunnarsson formaður Félags eldri borgara á Suðurnesjum, Kristján Gíslason meðstjórnandi, Sigurbjörg Jónsdóttir gjaldkeri og Jón Ólafur Jónsson frá Virkjun tóku þátt í umræðum um hvatagreiðslur eldra fólks.

### 4. Könnun rannsóknar og greiningar - niðurstöður væntanlegar (2023110263)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi sagði frá því að væntanlegar eru nýjar tölur frá Rannsóknnum og greiningu er varðar hegðun og líðan grunnskólabarna í Reykjanesbæ.

Lýðheilsuráð leggur áherslu á að fá kynningu á niðurstöðunum um leið og þær verða tilbúnar.

### 5. Vinapæl ÍT lýðheilsumála til íbúa Grindavíkur (2023110275)

Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi kynnti samantekt á vinarpeli þeirra sem sinna íþróttum, tómstundum og lýðheilsu í Reykjanesbæ.

Lýðheilsuráð sendir hugheilar kveðjur til íbúa Grindavíkur.

## 6. Öruggeri Suðurnes (2023100218)

Lýðheilsuráð hrósar þeim sem komu á laggirnar samráðshópi sem hefur það að markmiði að mynda varnir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum á Suðurnesjum.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.50.